

VIII. KAFLI

Eignatjón og bætur.

65

10. maí

17. gr.

Þeir, sem valdir verða að tjóni á bryggjunni eða öðrum mannvirkjum eða á áhöldum hafnarsjóðs, skulu bótaskyldir, annað hvort greiði þeir tjónið með upphæð, er um semur við hafnarnefnd, eða viðgerðarkostnað eftir reikningi.

18. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir tjón, sem tilfært er í næstu grein hér á undan, fer eftir almennum lagafyrirmælum.

19. gr.

Takist ekki samningar um bætur, skulu þær ákveðnar af 3 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats og skal þá krafa um það borin fram innan mánaðar frá því, er matsgerð lauk. Yfirmat skal framkvæmt af 5 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiði sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, að öðrum kosti greiði hinn aðilinn kostnaðinn.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Sektir renna í hafnarsjóð.

21. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 10. maí 1949.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

HAFNARREGLUGERÐ

66

fyrir Höfn við Bakkafjörð.

12. maí

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Höfnin takmarkast af beinni línu, er hugsast dregin úr Svartsnesi í Skarfa-tanga.

II. KAFLI

Um stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps kýs 3 menn í hafnarnefnd til fjögurra ára í senn. Enn fremur tvo varamenn til sama tíma.

66 Hafnarnefnd skal ætíð kjósa að loknum hreppsnefndarkosningum.
 12. maí Hafnarnefnd kýs formann úr sínum hópi.

Hafnarnefnd sér um að reglugerð hafnarinnar sé hlýtt. Hún sér og um innheimtu á gjöldum til hafnarsjóðs, gegn innheimtulaunum þeirra eða kaupi, sem um semur.

Hafnarnefnd ber, undir yfirstjórn hreppsnefndar og yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, að hafa framkvæmd allra hafnarmála, sjá um viðhald og umbætur á höfninni og stýra öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hún annast fjárhald hafnarsjóðs, innheimtu og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

3. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, sem nefnist hafnarsjóður. Í hann renna allar tekjur hafnarinnar, sem ákveðnar eru í þessari reglugerð.

Hafnarsjóði skal eftir ákvæðum hreppsnefndar varið í þarfir hafnarinnar, til greiðslu á kostnaði við stjórn hennar, til umbóta á henni, til byggingar hafnarmannvirkja og viðhaldi á þeim o. s. frv.

Óheimilt er að nota fé hafnarinnar til annarra fyrirtækja hreppsins eða binda það í lánnum til þeirra.

4. gr.

Hreppsnefnd veitir fé úr sjóðnum til hafnarframkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar og ákveður hvernig hann skuli ávaxtast, enda ber hún ábyrgð á eignum hans, eins og öðrum eignum hreppsins.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningnum og endurskoðast og úrskurðast ásamt honum.

5. gr.

Fyrir 1. nóv. ár hvert ber hafnarnefnd að hafa samið og lagt fram fyrir hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps frv. til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komanda ári. Sveitarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina og sent hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegustu skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

III. KAFLI

Almennar reglur.

6. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Öllum er skylt að hlýða boði hafnarnefndar og hanni. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært fyrir lögreglustjóra. En skipun hafnarnefndar ber að hlýða tafarlaust og varðar sektum, ef út af er brugðið.

7. gr.

Skylt er að gæta varúðar um allt það, er valdið getur bruna. Ekki má skjóta eða bera skotvopn á hafnarsvæðinu, nema með leyfi hafnarnefndar.

8. gr.

Ekki má kasta í höfnina ösku, kolum, fiskúrgangi eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á henni, frá skipum eða bátum, er þar liggja, né flytja það frá landi út í höfnina, nema með leyfi hafnarnefndar. Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Skeggjastaðahrepps.

IV. KAFLI

Um notkun bryggju.

9. gr.

Heimilt skal bátum og skipum að leggjast að bryggju í þeirri röð, sem þau koma, en skylt að fara frá bryggju, er þau hafa lokið erindi sínu, séu aðrir, sem óska athafnasvæðisins og eins, ef þau teljast þar til tafar öðrum. Hið sama gildir hvort um er að ræða upp eða útskipun.

V. KAFLI

Um gjöld til hafnarsjóðs.

10. gr.

Öll skip 12 smálestir brúttó og þar yfir skulu greiða hafnargjöld, er þau koma á höfnina og hafa eitthvað samband við land. Undanþegin hafnargjaldi eru þó herskip, varðskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsóknna, skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekki samband við land. Hafnargjöld greiðast af brúttóstærð skips og reiknast í heilum tölum. Skip, sem sigla eftir opinberum ferðaáætlunum, skulu greiða 0.20 af hverri smálest í hvert sinn, er þau leggjast á höfnina. Innlend strandferðaskip skulu þó einungis greiða hafnargjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma á höfnina, en ekkert, þó þau komi aftur á því ári. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, með þeim undantekningum, er að framan greinir, skulu greiða 40 aura af hverri smálest.

11. gr.

Öll aðkomuskip og aðkomubátar, nema varðskip, herskip og vísindaleg rannsóknarskip, skulu greiða í bryggjugjald 20 aura af hverri brúttó smálest í hvert sinn, sem þau leggjast að bryggju hafnarinnar eða að skipum, sem við hana liggja. Lægsta gjald skal þó vera 8 kr., sé skipið 12 smálestir að stærð eða þar yfir, annars 4 kr. af þilfarsbátum, en 2 kr. af opnum vélbátum.

Gjaldið greiðist fyrir hverjar 24 klst. eða minna.

Bátar, heimilisfastir, 12 smálestir eða meira að stærð skulu greiða 1 kr. á sólarhring fyrir afnot af bryggju og löndunartækjum hafnarinnar, þó ekki meira en 50 kr. á ári. Minni vélbátar greiði 50 aura á sólarhring, þó ekki minna en 25 kr. á ári. Fyrir hvern uppskipunarbát skal greiða 30 kr. um árið.

12. gr.

Greiða skal 1% af brúttó andvirði afla þeirra báta, er leggjast afla á land á hafnar-svæðinu.

13. gr.

Af vörum, sem fluttar eru á land eða skipað út innan takmarka hafnarinnar, sem greinir í fyrstu grein reglugerðar þessarar, skal greiða vörugjald sem hér greinir:

1. Af salti, kolum, sementi, tilbúnum áburði og fódurvörum kr. 6.00 af smál.
2. Af saltfiski, öðrum fiski, sild og gærum kr. 6.00 af smál.
3. Af kjöti öðru en saltkjöti kr. 6.00 af smál.
4. Af saltkjöti í heilum tunnum kr. 1.50 af tunnu.
5. Af saltkjöti í hálfum tunnum kr. 0.75 af tunnu.
6. Af tómum tunnum heilum kr. 0.75 af tunnu.
7. Af hálfum tunnum tómum kr. 0.50 af tunnu.
8. Af olíum, benzíni og lýsi kr. 10.00 af smál.
9. Af kornvöru, kaffi, sykri og garðávöxtum kr. 10.00 af smál.

- 66** 10. Af timbri kr. 0.15 á ten.fet.
 12. maí 11. Af stórgripum kr. 5.00 fyrir hvern grip.
 12. Af sauðfé og geitum kr. 1.00 fyrir hverja kind eða geit.
 13. Af búslóð og öðrum vörum, sem reiknast í teningsfetum kr. 0.20 fyrir ten.fet.
 14. Af öllum öðrum flutningi kr. 1.00 fyrir 100 kg.
 Minnsta gjald af öllum gjaldskyldum vörum er kr. 0.50.

14. gr.

Undanþeginn vörugjaldi er póst- og farþegaflutningur. Einnig vistir og aðrar nauðsynjar fluttar úr landi til skipa og báta, sem liggja í höfn og þau nota til eigin þarfa.

15. gr.

Vörugjald skal reikna eftir mati eða þyngd með umbúðum. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóri skyldur að láta hafnarnefnd í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt.

Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal reikna af.

Annars skal flokka vörur til vörugjalds, eftir því sem gjaldskrá tiltekur og reiknast eins og þar segir. Ef vafi leikur á því í hvaða flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarnefnd, en úrskurði hennar má skjóta til hreppsnefndar.

16. gr.

Vörugjald greiðir eigandi varanna eða umboðsmaður, og ber formaður báts ábyrgð á greiðslunni. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á vörunni unz gjaldið er greitt.

Ef skip eða bátar hafa ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Vörugjald af vörum, sem lagðar eru á land, fellur í gjalddaga strax og varan er komin í land og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr landi, fellur í gjalddaga þegar varan er komin í skip.

17. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

18. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á hafnarbótum, mannvirkjum eða áhöldum fer eftir almennum lagafyrirmælum.

Ef samningum verður ekki komið við um skaðabætur fyrir skemmdir á lendingarbótum, mannvirkjum eða áhöldum, má ákveða það af þrem óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð var lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

Kostnað við mat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem svarar 10% af hinn ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

19. gr.

66

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Sektir renna í hafnarsjóð. 12. maí

20. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögglumál.

21. gr.

Að öðru leyti en hér er tekið fram fer reglugerð þessi eftir lögum nr. 29 frá 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Höfn við Bakkafjörð, nr. 97 13. maí 1947.

Samgöngumálaráðuneytið, 12. maí 1949.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

HAFNARREGLUGERÐ

67

14. maí

fyrir Sauðárkrók.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Sauðárkrókshöfn tekur yfir botn Skagafjarðar, vestan Hegraness innan beinnar línu, er hugsast dregin úr næsta melhorni norðan við Gönguskarðsárós í vitann í Hegranesi.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkróks hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál.

3. gr.

Að nýafstöðnum bæjarstjórnarkosningum skal bæjarstjórn Sauðárkróks kjósa 3 menn í hafnarnefnd, og jafnmarga til vara. Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og bæjarstjórnar. Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast reikningshald og fjárvörzlu hafnarsjóðs, fyrir hönd bæjarins, enda ber bæjarsjóður ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

4. gr.

Bæjarstjórnin ræður hafnarvörð og aðra starfsmenn hafnarinnar að fengnum tillögum hafnarnefndar, setur þeim starfsreglur og ákveður laun þeirra.

Hafnarnefnd kýs sér formann, er boðar til fundar og stýrir þeim, sér um bók-